

Ár 2014, þriðjudaginn 26.ágúst, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 3/2014

X

gegn

Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (X), sem barst siðanefnd 18.mars er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu (Z) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina ZZ við rakkann XX þar sem hvorugur hundanna var með gilt augnvottorð. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 14.febrúar 2014 og þeim gefinn andmælafrestur til 21.maí 2014. Kærðu svöruðu með bréfi dagsettu 8.maí og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 15.nóvember 2014 var tíkin ZZ pöruð við rakkann XX hinn 6. ágúst 2013. Hundarnir eru af kyninu Shih Tzu og eru báðir í eigu kærðu. Við pörunina var hvorugur undaneldishundurinn með gilt augnvottorð. Telur kærandi að við pörunina hafi kærðu gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærðu andmæla ekki kærinni en vilja þó fá að útskýra sitt mál og í svari kærðu kemur fram að ekki hafi verið ætlunin að vera með got þetta ár, en eftir að ósk kom frá ræktanda í Bretlandi um að fá hvolpa undan þessum hundum þá var ákveðið að slá til og para hundana láta síðan augnskoða þá í ágústlok. Hundarnir höfðu báðir verið augnskoðaðir á hverju ári fram til þessa og alltaf verið hreinir. Af ágústskoðuninni varð ekki og var því ekki augnskoðað fyrr en í nóvember 2013. Kærðu benda á að þegar ekki sé möguleiki á að fá augnskoðun nema 3 sinnum á ári þá geti verið erfitt að skipuleggja ræktun sína.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn í ræktunarstarfi sínu hafa í heiðri góða ræktunarsíði og vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Shih Tzu:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 13 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.06.2010). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Þeir hundar sem eru nú þegar í ræktunarbanni, geta sótt um undanþágu frá banninu eftir nánara

samkomulagi við stjórn deildarinnar hafi þeir náð 3 ára aldri, augnskoðaðir „hreinir“ og eru góðir fulltrúar tegundarinnar.”

Óumdeilt er að við þörun var hvorugur undaneldishundanna með gilt augnvottorð en samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu undaneldishundar vera augnskoðaðir og má vottorðið ekki vera eldra en 13 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hafa kærðu því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærðu hafa bent á að hundarnir hafi verið augnskoðaðir árlega fram að þessu og alltaf verið „hreinir“ og í ljós hefur komið til allra heilla að hundarnir stóðust augnskoðun í nóvember 2013. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að hundarnir hafi staðist skoðun áður og einnig eftir á. Reglan hljóðar á um að gilt augnvottorð liggi fyrir við þörun þannig að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan sjúkdóm.

Kærðu hafa ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins og telur siðanefnd því hæfilega refsingu vera áminningu.

IV. Niðurstaða.

Kærðu Z teljast hafa gerst brotleg við grein 2.6. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærðu eru áminnt.

Anna María Flygenring

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir

